

Þingeyjarsveit
Tryggvi Harðarsson
Kjarna
650 Laugar

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
11. ágú. 2011 10.4.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. ágúst 2011
Tilvísun: UST20110500216/ksj

Tillaga að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022. Lokabreytingar

Vísað er til erindis sveitarstjóra Þingeyjarsveitar er barst 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um lokabreytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022.

Lokabreytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar fela m.a. í sér að kveðið er skýrar á um að fyrirvari vegna hugsanlegrar virkjunar í Gjástykki er hluti af aðalskipulagi. Jafnframt eru tekin inn atriði varðandi vöktun ákveðinna þátta sem nánar verða útfærð í deiliskipulagi.

Orkuvinnslusvæði

Umhverfisstofnun þykir miður að Þingeyjarsveit kveður skýrar á en áður um hugsanlega virkjun í Gjástykki. Stofnunin ítrekar það álit að í Gjástykki beri ekki að virkja háhita, þar sem verndargildi svæðisins er mikið og nútímahraun í Gjástykki eru einstæð bæði á lands- og heimsvísu með ótrúlegri fjölbreytni hrauntraða og hraunmyndana sem njóta verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44 frá 1999 um náttúruvernd og er afar mikilvægt að Gjástykki verði verndað sem heild. Umhverfisstofnun ítrekar umsögn sína um tillögu að Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 -2022 dags. 22. október 2010

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir

Skipulagsstofnun